

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
601 AKUREYRI

Garðabær, 20. september 2023
Málsnúmer: 202309-0013
SS/SBR

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi vegna stækkun túna í Hvammi

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar, dags. 13. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ósk um framkvæmdarleyfi vegna endurbóta á landbúnaðarlandi og stækkun túna í Hvammi í Eyjafjarðarsveit.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu umsagnarbeiðninni og tekur undir afstöðu Óshólmanefndar eins og hún birtist í fundargerð nefndarinnar frá 7. desember 2022, um að halda eigi verndarsvæðinu óröskuðu og ekki ætti að veita leyfi til framkvæmda sem leiða til rasks innan verndarsvæðisins.

Hvammsflæðar eru á náttúruminjaskrá (nr. 510) þar sem þær teljast til flæðilanda Eyjafjarðarár ásamt því að njóta hverfisverndar. Ástæða þykir því að friðlýsa eða friða svæðið skv. annarri málsgr. 3ja tölul. 33. gr. laga nr. 60/2013 um um náttúruvernd.

Breytingar á fuglalífi Hvammsflæða eiga sér langan aðdraganda þar sem miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á svæðinu síðustu 30 árin. Samhliða þessum breytingum hefur fuglalífið verið vakt og ljóst að fuglalíf svæðisins hefur hnignað líkt og kemur fram í skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá 2021 um fuglalíf á óshólum Eyjafjarðarár (NI-21001). Svæðið hefur þannig að hluta tapað gildi sínu sem bæði varpsvæði og fæðuöflunarsvæði. Á þeim hluta svæðisins sem votlendi hefur viðhaldist er svæðið nýtt til fæðuöflunar hjá bæði andfuglum og vaðfuglum ásamt því að álftapar verpir á svæðinu. Svæðið nýta m.a. grafendur til fæðuöflunar sem flokkast á valista Náttúrufræðistofnunar. Í áðurnefndri fundargerð Óshólmanefndar er fjallað um að sumarið 2022 hafi hækkuð vatnsstaða verið endurheimt á hluta svæðisins með þröskuld í Brunná. Ætla má að slík framkvæmd auki verulega gildi svæðisins sem fæðuöflunarsvæði fyrir bæði vað- og andfugla.

Með því að heimila fyrirhugaða stækkun á landbúnaðarsvæði á Hvammsflæðum skerðist enn frekar búsvæði fugla sem nú þegar er búið að þrengja verulega að. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að afar mikilvægt sé að vernda það votlendi sem enn er til staðar.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um málið ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

